



RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Dagsetning

Tilvísun

Alþingi, fjárlaganefnd

28. ágúst 2020

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

11.01
SEP/GJJ

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148, 968. mál, þskj. 2031

Ríkisendurskoðun hefur þann 26. ágúst 2020 móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í tillögunni er lagt til að gerðar verði breytingar á ályktun Alþingis um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022. Fram kemur í greinargerð að umræddar breytingar séu nauðsynlegar þar sem forsendur fyrir gildandi fjármálastefnu séu brostnar og fullt tilefni sé til endurskoðunar vegna þeirrar efnahagslæggðar sem riðið hefur yfir heiminn vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Af framangreindu tilefni bendir ríkisendurskoðandi á að þær breytingar sem lagðar eru til á gildandi fjármálastefnu eru stjórnómálalegs eðlis sem ekki er tekin afstaða til.

Rétt er að þó að hafa nokkur orð um samspil fjármálastefnu við lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Skilyrði fjármálastefnu og fjármálaáætlunar koma fram í 7. gr. laganna. Þar er til að mynda kveðið á um tiltekið hámark á skuldahlutfalli. Ákvæði 10. gr. laganna leggja skyldu á ráðherra til að leggja fram á Alþingi tillögur um breytingar á áður samþykktari stefnu vegna efnahagsáfalla eða annarra aðstæðna sem ógerlegt er að bregðast við með tiltækum úrræðu og er þá heimilt að víkja tímabundið eða í allt að þrjú ár frá skilyrðum 7. gr., sem m.a. setur skorður við skuldahlutfall ríkissjóðs. Þá gerir ákvæði 10. gr. laganna ráð fyrir því að fjármálaráð veiti Alþingi umsögn sína um tillöguna og hvort fullgilt tilefni sé til endurskoðunar á gildandi stefnu.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni kemur fram að ráðherra hafi óskað eftir skoðun ráðsins á því að víkja frá þeim tímasetningum sem lög um opinber fjármál gera ráð fyrir. Í svari ráðsins komi fram að gildar ástæður væru fyrir frestun á framlagningu breytinga á fjármálastefnu en áhersla var lögð á að koma hringrás stefnumörkunar á að nýju eins fljótt og unnt væri.

Ríkisendurskoðun gerir ráð fyrir að fjármálaráð muni senda Alþingi umsögn sína um þær breytingatillögur sem gerðar hafa verið sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 123/2015.

Virðingarfyllst,

